

Leiðbeinendur geta nýtt námsefnið til að útbúa sérsniðnar lausnir sem mæta betur þörfum ungra mæðra. Þeir geta til dæmis samið námsefni sem tekur mið af valdeflingu ungra mæðra og eykur starfshæfni þeirra. Leiðbeinendur geta nýtt alla þætti námsefnis eða hluta þess til að byggja upp námskeið sem hæfir þeim hópi ungra mæðra sem verið er að vinna með hverju sinni.



Fyrir hverja einingu á að setja upp tveggja tíma fjarfund. Á fundinum munu leiðbeinendur leiða hópinn í gegnum komandi verkefni.

Leiðbeinanda er ætlað að kynna sér efnið fyrir kennslu, undirbúa nauðsynleg gögn og útbúa leiðbeiningar fyrir þátttakendur svo allir viti út á hvað verkefnin ganga.

Eftir hópfund útvega leiðbeinendur þátttakendum flettiefni og önnur verkefni til að vinna heima á eigin hraða.

Mælt er með því að kynna einingarnar í þeirri röð sem námsefnið er sett upp.

Mælt er með því að kynna ekki meira en eina einingu á viku fyrir hópinn til að koma í veg fyrir óþarfa álag.

• 2klst hópverkefni á kafla/efni

• 1klst sjálfsnám fyrir ungar mæður nota ítarefni

• 3 tíma heimanám byggt á sjálfsnámsefni



Samfjármagnað af Evrópusambandinu

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.